



Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2024 – 2025

Maí 2025

Efnisyfirlit

Stefna og markmið	3
Gæðaráð	3
Heilsueflandi framhaldsskóli	4
Félagslíf nemenda	4
Kannanir	5
Framhaldsskólapúlsinn	5
Stofnun ársins	5
Könnun meðal útskrifaðra nemenda	6
Kennslukönnun	7
Skólapróun	7
Endurskoðun námsskrár	7
Nýliðasamtöl	8
Skólafundur	8
Starfsmannasamtöl	8
Árangur nemenda	9
Áfangarýni	9
Rýni og tækifæri	9
Lokaorð	10

Stefna og markmið

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, en í 40. gr. VIII. kafla er kveðið á um hvernig mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi. Kennslufræðileg stefna FB byggir á því að lögð er jöfn áhersla á bóknám, listnám og verknám og er námið sniðið að breiðum hópi nemenda. Grunnildin virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur eru leiðarljós í námi og kennslu. Í skólanum er lögð áhersla á að nýta til fulls kosti áfangakerfisins og fjölbreytt námsframboð til þess að nemendur geti fundið sér nám við hæfi.

Sýn Fjölbrautaskólans í Breiðholti er að efla einstaklinga til að skapa kærleiksríkt, sjálfbært samfélag. Gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur. Meginhlutverk skólans er að mennta nemendur til lokaprófs úr framhaldsskóla. Til þess að vinna að gildum og markmiðum skólans hefur FB eftirfarandi stefnumið að leiðarljósi:

- Við leggjum áherslu á frið, lýðræði, réttlæti, jöfnuð og jafnrétti.
- Við vinnum saman að góðum námsárangri allra nemenda.
- Við menntum nemendur til að stuðla að sjálfbærni og virða líf og umhverfi.
- Við stuðlum að vellíðan og valdeflingu nemenda og starfsfólks.
- Við leggjum áherslu á góða samvinnu, hvetjandi og nærandi samskipti.
- Við iðkum, kennum og hlúum að nýsköpun.
- Við ræktum góð tengsl út á við og vinnum með nærsamfélagi skólans.

Við Fjölbrautaskólann í Breiðholti starfa 145 manns, 95 konur og 50 karlar (eða 65,5% konur og 34,5% karlar). Tónlistarkennsla fer fram í Tónskóla Sigursveins samkvæmt samningi við skólann. Stöðugildi kennslu í dagskóla og kvöldskóla eru 97,3, þar af eru þrír kennarar í námsleyfi en 36 sinna öðrum störfum í skólanum (s.s. skrifstofa, bókhald, matreiðsla, þrif, ganga- og húsvarsla, sálfræðipjónusta, námsaðstoð, bókasafns- og upplýsingapjónusta, tölvupjónusta, stjórnun, skólaliðar og sérfræðingar). Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, áfangastjóri og kennslustjóri. Kynjahlutfallið í yfirstjórn eru fjórar konur og einn karl. Í stjórnendahópi skólans voru auk yfirstjórnar sjö fagstjórar, forstöðumaður nemendapjónustu, forstöðukona FabLab auk alþjóðafulltrúa og kynningarstjóra. Kynjahlutfall í stjórnendahópnum eru 3 karlar og 12 konur (eða 20% karlar og 80% konur).

Gæðaráð

Umsjón með innra mati FB er í verkahring yfirstjórnar skólans og gæðaráðs. Gæðaráð fundaði reglulega yfir skólaárið og á þeim fundum var megináhersla á að fylgja vinnuskjali yfir gæðamál og stefnumótun gæðamála. Þeir þættir sem eru innra

matinu helst til grundvallar er kennslumat allra áfanga skólans, árangursmælikvarðar skv. tölfræði af ýmsum toga úr skólastarfinu, niðurstöður skólafunda og aðrar kannanir sem skólinn tekur þátt í. Skólinn tekur þátt í könnuninni Stofnun ársins.

Í gæðaráði veturinn 2024-2025 sátu Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari (til nóvember 2024), Víðir Stefánsson aðstoðarskólameistari, Þórunn Elfa Bjarkadóttir kennari, Brynja Stefánsdóttir kennslustjóri og Bylgja Birgisdóttir aðalbókari sem er ritari gæðaráðs.

Skólinn tekur þátt í Grænum skrefum og heldur grænt bókhald en því hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar vegna kerfisvanda hjá þeim. Persónuverndarfulltrúi skólans er Alfa Kristjánsdóttir sem sinnir nú bæði hlutverki skjalastjóra og persónuverndarfulltrúa.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Í stýrihóp um Heilsueflandi framhaldsskóla eru aðstoðarskólameistari, sálfræðingur, félagsmála- og forvarnafulltrúi og tveir kennarar. Fulltrúi nemenda kom á fund á vorönn. Sálfræðingur skólans er tengiliður við embætti landlæknis. Fundir teymisins voru reglulegir yfir allan veturinn. Einnig tóku fulltrúar teymisins þátt í fjarfundum fyrir tengiliði á vegum embættis landlæknis.

Á fundum teymisins eru mál er varða heilsueflingu bæði starfsfólks og nemenda rædd og ábendingum og óskum komið á framfæri við stjórnendur. Teymið leggur áherslu á að styðja við viðburði nemendafélagsins sem snúa að heilsutengdum málefnum, þar á meðal íþróttaviðburði og Sæludaga.

Meðal verkefna á skólaárinu 2024-25 var að uppfæra stöðu á gátlistum um heilsueflandi framhaldsskóla, forvarnardagar, hjóladagar að vori og utanumhald vegna þátttöku starfsfólks í Lífshlaupinu.

Félagslíf nemenda

Félagslíf nemenda var blómlegt á skólaárinu. Hófst skólaárið með móttöku nýnema og nýnemaferð sem félags- og forvarnafulltrúi átti veg og vanda að. Líkt og undanfarin ár var Nördanefndin einna virkust en þau hittast á hverjum þriðjudegi og spila. Nemendur stóðu sig með miklum sóma í Gettu betur þar sem þau komust í átta liða úrslit. Einnig ber að nefna tískusýningu fata- og textílbrautar, myndlistarsýningar myndlistarbrautar, þátttöku í söngvakeppni framhaldsskólanna og síðast en ekki síst framúrskarandi árangur nemenda skólans í forritunarkeppni framhaldsskólanna þar sem nemendur skólans voru í verðlaunasætum.

Nemendur FB voru sigurvegarar á spænskuhátíð sem haldin var á vegum spænska sendiráðsins á Íslandi. Að launum fengu fjórir nemendur gistingu og hálf fæði í Háskólanum í Santiago de Compostela.

Fjölmarginir nemendur og starfsmenn tóku þátt í nemendaskiptum og starfsnámi á vegum Erasmus+.

Kannanir

Kannanir á líðan og árangri nemenda og starfsfólks gefa vísbendingar um áhrif áherslubreytinga í skólanum. Nemendur svara kennslukönnunum í lok hverrar annar þar sem þeir geta tjáð sig um nám og kennslu í áföngum. Einnig svara þeir framhaldsskólapúlsinum árlega. Á skólafundum gefst nemendum auk þess tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Framhaldsskólapúlsinn

Almennt eru nemendur FB nokkuð sáttir við þann stuðning sem kennarinn veitir þeim eða rétt undir meðaltali samanburðarskóla sem tóku þátt í Framhaldsskólapúlsinum. Þó vekur athygli að þessi matspáttur dalar á milli ára. Að sama skapi upplifa fleiri nemendur en í síðustu könnun að kennarar veiti ekki næga endurgjöf. Rúm 39% segja kennara sína aldrei eða næstum aldrei ræða við þau um styrkleika sína og veikleika. Einnig telja 30% nemenda kennara aldrei eða næstum aldrei láta þá vita hvað þeir geta gert til þess að verða betri í náminu.

Þegar könnunin var lögð fyrir höfðu 46% nemenda FB notað spjallmenni til þess að leysa skólaverkefni.

Nemendur við FB vinna meira með skóla heldur en jafnaldrar þeirra eða 12 klst. að meðaltali á viku en nemendur í samanburðarskólum rúmar 9 klst. á viku. Því kemur varla á óvart að þau eyða minni tíma í heimanám, tómstundir og æfingar.

Samkvæmt svörum nemenda er vellíðan og hamingja þeirra sambærileg við nemendur samanburðarskóla. Síðustu ár hafa einkenni þunglyndis farið minnkandi meðal nemenda FB en fleiri nemendur greina nú frá slíkum einkennum en á síðasta skólaári. Á síðasta skólaári greindu einnig mun færri nemendur frá einkennum kvíða en árin á undan en nú fjölgar aftur í þessum hópi.

Stofnun ársins

Í lok ársins 2024 var könnunin Stofnun ársins framkvæmd. Svarhlutfall var 54%. Könnunin tekur á þáttum eins og stjórnun, starfsanda, launakjörum, vinnuskilyrðum, sveigjanleika, sjálfstæði, ímynd, ánægju og stolti sem og jafnrétti. Heildarniðurstaða þessara matspátta sýnir að stofnunin er 0,18 stigum undir meðaltali annarra ríkisstofnana.

Hæstu einkunnir gefa þátttakendur þegar kemur að eftirfarandi þáttum:

- Mér kemur vel saman við samstarfsfólk mitt.

- Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda.
- Næsti yfirmaður minn virðir starfsfólkið mikils.
- Mér finnst ég hafa góð tök á öllum þáttum starfs míns.
- Ég er stolt(ur) af stofnuninni sem ég starfa hjá.

Lægstu einkunnir þátttakenda voru við eftirfarandi þáttum:

- Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar.
- Telur þú vinnuveitanda þinn greiða þér betri, svipuð eða verri laun en þú gætir fengið á öðrum vinnustöðum fyrir sambærilegt starf og vinnutíma?
- Ánægja með launakjör.
- Ánægja með loftgæði.
- Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu).

Ánægjulegt er að vinnuskilyrði sem hafa undanfarin ár mælst undir meðaltali hafa verið að mjakast upp á við. Stofnunin hefur markvisst lagt sig fram við það að bæta vinnuskilyrði. Þættir eins og betri loftgæði og hljóðvist er eitthvað sem við bindum vonir við að muni batna verulega við endurnýjun skólabyggingarinnar.

Könnun meðal útskrifaðra nemenda

Gerð var könnun meðal útskrifaðra nemenda sem útskrifuðust á árunum 2019 og 2020. Alls bárust 123 svör. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir:

- Kyn
- Af hvaða sviði útskrifaðist þú?
- Hvaða ár útskrifaðist þú?
- Hvernig hefur námið í FB nýst þér í lífinu almennt?
- Hvernig hefur námið í FB nýst þér í öðru námi?
- Hvers konar námið hefurðu lokið eftir útskrift? Veldu hæsta námstig sem lokið er.
- Ef þú hefur lokið öðru námi, þá hvaða?
- Myndir þú mæla með FB við einstakling sem er að huga að framhaldsskólanámi?
- Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi námið í FB?

89% svöruðu að námið í FB hefði nýst þeim mjög vel eða vel í lífinu almennt. Tæplega 67% töldu námið í FB hafa nýst þeim mjög vel eða vel í áframhaldandi námi en rúmlega 16% sögðu þessa spurningu ekki eiga við og annað eins svöruðu hvorki né. 43% svarenda sögðust ekki hafa lokið frekara námi en af þeim sem höfðu lokið frekara námi þá höfðu flestir lokið B.A. eða B.Sc. námi, eða 19%. Ánægjulegt er að 97,5% segjast myndu mæla með skólanum við einstakling sem er að huga að framhaldsskólanámi. Þeir sem svöruðu opinni spurningu í lokin nefndu oftast að kennarar í FB væru góðir og að þeir hafi notið góðs stuðnings frá skólanum.

Kennslukönnun

Kennslukönnun fór fram sem endranær í öllum áföngum skólans bæði á haustönn og vorönn. Veitir könnunin nemendum tækifæri til þess að koma á framfæri upplifun sinni af kennslu í sínum áföngum. Kennarar fá aðgang að niðurstöðum kennslukannana eftir að gefnar hafa verið einkunnir. Er það gert til þess að útiloka að endurgjöf nemenda hafi áhrif á einkunnagjöf.

Þær spurningar sem lagðar voru fram árið 2024-2025 eru eftirfarandi:

1. Kennarinn sýnir mér virðingu.
2. Ég get alltaf fengið hjálp frá kennaranum ef ég skil ekki námsefnið.
3. Námsáfanginn er vel skipulagður.
4. Kennarinn gefur mér reglulega upplýsingar um hvernig mér gengur, munnlega, skriflega eða með einkunnabirtingu á INNU.
5. Á heildina litið er ég ánægð/ánægður/ánægt með kennsluna í áfanganum.
6. Ég hef lagt mig fram í þessum áfanga.

Notaður er mælikvarðinn: mjög sammála – frekar sammála – hvorki sammála né ósammála – frekar ósammála og mjög ósammála.

Í framhaldi af því að kennarar fá birtar kennslukannanir eru þeir boðaðir í stutt viðtöl til skólameistara og aðstoðarskólameistara. Almennt eru niðurstöður kennslukannana afar jákvæðar. Ef svo er ekki, er farið yfir málið í þessu samtali og ræddar mögulegar skýringar og hvort tilefni sé til að kennari endurskoði kennsluhætti sína eða samskipti við nemendur á einhvern hátt.

Skólaþróun

Endurskoðun námsskrár

Eftir töluverða undirbúningsvinnu á vorönn 2024 hófst markviss endurskoðun á námsskrá skólans haustið 2024. Stýrihópur, skipaður skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, kennslustjóra, fagstjóra bóknáms og einum kennara, hittist vikulega og fór yfir stöðuna. Var námsskrárrýnin á dagskrá á fjölmörgum fundum vetrarins jafnt á kennara- og starfsmannafundum sem og deildarfundum.

Eftir yfirlegu og mikla skoðun m.a. á inntökuskilyrðum í háskóla landsins voru aðeins gerðar smávægilegar breytingar þar sem eiginleg niðurstaða þessarar rýni staðfesti að FB býður upp á mjög gott stúdentspróf.

Nýliðasamtöl

Haustið 2024 tóku átta nýir kennarar til starfa við skólann og vorið 2025 bættist einn kennari við í hálft starf. Allir nýir kennarar fengu mentor, sem er reyndur kennari sem þeir geta ávallt leitað til. 5-6 vikum eftir að þeir hófu störf var hinum nýju kennurum

boðið í nýliðasamtal með kennslustjóra og mentor. Markmið samtalsins er að tryggja vellíðan nýliðans í starfi og styðja hann á sinni kennsluvegferð.

Skólafundur

Skólafundur var einn á skólaárinu. Þann 8. nóvember ræddu nemendur um inntak náms. Umræður fóru fram í stofum og kennarar skrifuðu niðurstöður nemenda niður og skiluðu. Niðurstöður voru síðan teknar saman og kynntar. Spurt var um

- Hvað er gott og gagnlegt við það sem er kennt í FB núna?
- Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati?
- Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt?
- Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi?
- Er eitthvað sem þið viljið bæta við?

Almennt lýstu nemendur yfir ánægju með námið í skólanum og ómissandi námsgreinar endurspegluðu gjarnan þær brautir sem nemendur stunda nám á. Auk þess lýstu nemendur yfir áhuga á því að læra fjölbreyttari erlend tungumál, stjórnufræði og fleiri iðngreinar svo dæmi séu nefnd. Af þeim fögum sem nemendur vildu sleppa var danska oftast nefnd. Að lokum bættu nemendur ýmsu við sem þeim lá á hjarta og má þar nefna fleiri sófa og meira kósí svæði, byrja seinna á morgnana og fjölga bílastæðum við skólann.

Starfsmannasamtöl



Það er stefna skólans að allir starfsmenn fari í starfsmannasamtal á hverju skólaári. Í stjórnendahóp skólans eru 13 einstaklingar sem taka starfsmannasamtöl við 135 starfsmenn. Við lok skólaársins höfðu 88 af 135 samtölum verið tekin (65%).

Árangur nemenda

Áfangastjóri gefur út tölulegar upplýsingar um árangur nemenda í einstaka áföngum eftir lok hvernar annar. Stjórnendur sem og kennarar rýna tölurnar og ræða þá einkunnadreifingu sín á milli. Það er stefna skólans að allir nemendur nái árangri í námi.

Í eftirfarandi töflum má sjá heildartölur um námsgengi nemenda í dagskóla og kvöldskóla á skólaárinu.

Námsgengi í áföngum á haustönn 2024			
Stóðust	7660	81,50%	
Féllu	954	8,01%	
Hættu	904	10,49%	



Fjöldi skráðra	9518	100,00 %
----------------	------	----------

Námsgengi í áföngum á vorönn 2025		
Stóðust	6711	80,44%
Féllu	982	9,26%
Hættu	873	10,30%
Fjöldi skráðra	8566	100,00 %

Áfangarýni

Áfangar skólans eru rýndir með reglubundnum hætti. Þá ræðir kennslustjóri eða aðrir stjórnendur við kennara áfanga. Rædd er uppsetning, innihald, markmið, námsefni, námsmat sem og einkunnadreifing nemenda. Markmið rýnnar er að kennarar ræði faglegt starf sitt og fái auga á tækifæri til þess að bæta námið.

Rýni og tækifæri

Með það fyrir augum að nemendur nái árangri í því námi sem þau velja að stunda hefur skólinn gripið til ýmissa aðgerða. Má þar nefna nokkur atriði. Í fyrsta lagi er áfram unnið að einstaklingsmiðun í námi í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna. Unnið hefur verið vandað námsefni út frá evrópska tungumálarammanum og akademískum orðalista sem er sett upp þannig að nemendur geta unnið á sínum eigin hraða. Þessi nálgun felur í sér að nemendur geta unnið af kappi og komist yfir meira en einn áfanga á hverri önn. Það er afar mikilvægt fyrir nemendur að ná góðum tókum á íslensku sem allra fyrst því aðeins þannig geta þau stundað annað nám í skólanum. Að auki er unnið að því að útbúa kennsluefni í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna í heilbrigðisgreinum. Mikil aðsókn er meðal erlendra nemenda í kvöldskóla í sjúkraliðanám og þá er stærsta áskorunin gjarnan að ráða við tungumálið. Til þessarar vinnu hlaut kennari skólans styrk frá Sjúkraliðafélagi Íslands og er hún langt á veg komin.

Haustið 2024 var ákveðið að breyta inntökuskilyrðum í rafvirkjun og húsasmíði þannig að nemendur fá ekki að hefja nám í verklegum greinum fyrr en þau hafa lokið stærðfræði á fyrsta þrepi. Fagkennarar í þessum greinum voru sammála um að slíkur grunnur í stærðfræði væri forsenda þess að nemendur næðu árangri í náminu. Árangur í einkunnadreifingu eftir að þessu fyrsta skólaári eftir breytingarnar lýkur, gefur ekki vísbendingar um betri árangur nemenda en safna þarf þessum tölulegu upplýsingum yfir lengri tíma til þess að álykta megi um gildi þeirra.

Lokaorð

Skólaárið 2024-2025 hefur verið unnið að því með markvissum hætti að rýna starfið í skólanum til gagns og sérstök áhersla hefur verið lögð á endurskoðun á námsskrá skólans. Í haust verða smávægilegar breytingar á brautum í bóknámi með það að leiðarljósi að undirbúa nemendur sem best fyrir áframhaldandi nám.

Áfram verður unnið að því að bæta félagslíf nemenda og auka heilsueflingu í skólanum.

Gæðaráð mun áfram taka saman hvað vert er að rýna til þess að faglegt starf í skólanum sé í sífelldri endurskoðun með það markmið að efla nemendur til þess að skapa kærleiksríkt, sjálfbært samfélag.